# PLV3B05 (Plötuvinna blikksmíði)

Námsáætlun, Haustönn 2024

| **Kennari/kennarar:**<br>**Jón Arnar Haraldsson**<br>**Tinna Magnúsdóttir** | **Netfang/netföng**<br>**jonarnar@isloft.is**<br>**tinnao@simnet.is** |
|---|---|

| **Lýsing:**<br>Að áfanganum loknum geta nemendur beitt helstu vélum og verkfærum sem notuð eru við smíði í blikksmíði. Þeir þekkja helstu efniseiginleika málma og geta smíðað hluti úr því eftir nákvæmum teikningum. Ennfremur geta nemendur skipulagt vinnu sína m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur öðlast hæfni til að vinna úr ryðfríu og galvaníseruðu járni, áli og öðrum efnum sem notuð eru í blikksmíði. |
|---|

**Þekkingarviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- almennum umgengnisreglum við ýmsar gerðir stáls þannig að ekki hljótist skaði af.
- ýmsum gerðum af skurðarvélum svo sem plasma-, vatns- og leiserskurðarvélum og mismunandi notkunarsviðum þeirra.
- lóðningu og silfurkveikingu.

**Leikniviðmið**

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- almennum umgengnisreglum við ýmsar gerðir stáls þannig að ekki hljótist skaði af.
- ýmsum gerðum af skurðarvélum svo sem plasma-, vatns- og leiserskurðarvélum og mismunandi notkunarsviðum þeirra.
- lóðningu og silfurkveikingu.

Borgarholtsskóli

# PLV3B05 (Plötuvinna blikksmíði)

Námsáætlun, Haustönn 2024

**Hæfniviðmið**

- meta mismunandi efnisgerðir sem hann getur þurft að vinna með.
- nota helstu vélar og verkfæri sem notuð eru við smíði úr þunnplötum og notkunarsvið þeirra, s s. klippur, beygjuvél og vals.
- meta áhrif beyginga á stærð smíðisgripa úr ýmsum efnum í þunnplötum.
- valið efni úr efnisrekka eftir gefnum forsendum um gerð og þykkt.
- klippt með hand- og vélklippum 1–3 mm þykkar plötur með 0,5 mm nákvæmni.

**Námsmat:**

Matsform. Símatsáfangi ( Ekki er lokapróf í áfanganum )

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkefni 1 | Kápuklæðning | 40% | Námsmat 1 |
| Verkefni 2 | Ryðfrítt stál | 20% | Námsmat 2 |
| Verkefni 3 | Utanhússklæðningar | 30% | Námsmat 3 |
| Verkefni 4 | Lóðning | 10% | Námsmat 4 |
| Samtals | | 100% | |

Nemandi þarf að ná einkunninni 5 í öllum þáttum matsformsins.

Mætingaskylda samkvæmt skólareglum BHS

Nemandi verður að skila öllum verkefnum

Öll verkleg verkefni eru unnin í kennslustund, óheimilt er því að vinna þessi verkefni utan kennslustofu.

**Námsgögn:**
**Ítarefni frá kennara**

# PLV3B05 (Plötuvinna blikksmíði)

Námsáætlun, Haustönn 2024

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**
**Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans.**

- Nemendur skulu klæðast óeldfimum fatnaði og vera í ermalöngum hlífðarfötum og sem ná vel upp í háls og
- sloppum eða göllum.
- Nemendur skulu einnig vera í peysum merktum bílum eða málmi.
- Öryggisskó, öryggisgleraugu, vinnuvettlinga og suðuhjálm.
- Skór verða að vera óeldfimir og lokaðir og með stáltá.
- Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp í búningsherbergjum
- skólans undir föt , námsbækur og tölvur.

**Fyrir hverjar 5 einingar** í áfanga liggja að baki u.þ.b. 105 klst. í vinnu nemenda. Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra. Námsefnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tímum á viku í nám utan kennslustunda.

| Vika. | Dagur. | Námsþættir | Tíma fj. | Námsþættir/Heimavinna | Tíma fj. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 1 | Verkefni 1 | 8 | Ítar- og undirbúningsefni | 6 |
| 2 | 2 | Verkefni 1 + 2 | 8 | Ítar- og undirbúningsefni | 6 |
| 3 | 3 | Verkefni 3 | 8 | Ítar- og undirbúningsefni | 6 |
| 4 | 4 | Verkefni 4 | 4 | Ítar- og undirbúningsefni | 3 |
| 8 | 8 | Lokaskil á verkefnum | 4 | Ítar- og undirbúningsefni | 3 |
| | | Samtals | 32 | Samtals | 24 |

**Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar**